

2

2. jan.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 104 28. des. 1942, um innheimtu á ýmsum gjöldum árið 1943 með viðauka.

Hér með auglýsist, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 104 28. desember 1942 og innheimta með 40% viðauka: vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 2. gr. fyrir nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

3

15. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Verð á rafmagni rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar er:

- a. Til ljósa:
 1. Um hemla kr. 480.00 fyrir kílóvattár.
 2. Um mæla kr. 0.60 fyrir kílóvattstund.
- b. Til véla við iðnrekstur um mæla kr. 0.40 fyrir kílóvattstund.
- c. Til suðu og hitunar kr. 0.10 fyrir kílóvattstund.
- d. Ársleiga eftir mæli er kr. 8.00, en eftir hemil kr. 2.00.

Ofanskráð gjöld er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um 25%, án þess að stjórnarráðsstaðfesting komi til. Heimilt er bæjarstjórn og, ef þörf krefur, að skammta rafmagn um mæli þannig, að notendum sé gert að greiða allt að þreföldu gjaldi fyrir þann straum, sem þeir nota fram yfir tiltekið hámark á mánuði hverjum.

Gjöldin skal innheimta með álagi miðuðu við visitölu kauplagsnefndar þannig:

Þegar visitalan er	126—150	stig	hækki	gjöld	samkv.	gjaldskrá	um	5 %
—	—	—	151—175	—	—	—	—	10 —
—	—	—	176—200	—	—	—	—	15 —
—	—	—	201—225	—	—	—	—	20 —
—	—	—	226—250	—	—	—	—	30 —
—	—	—	251—275	—	—	—	—	40 —
—	—	—	276—300	—	—	—	—	50 —
—	—	—	301—325	—	—	—	—	70 —
—	—	—	326—350	—	—	—	—	80 —

2. gr.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggna bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf. Enn fremur er bæjarstjórninni heimilt að semja um sölu rafmagns á öðru verði en ákveðið er í 1. gr., þegar sérstaklega stendur á.

3. gr.

Gjaldið greiðist mánaðarlega eftir á. Þar, sem hemill er notaður, greiðist $\frac{1}{12}$ af ársgjaldinu í hvert skipti. Hemils- og mælisleiga greiðist ársfjórðungslega eftir á. Láti rafmagnsnotandi hjá liða að greiða gjöld sín eins og hér segir, skal hann sviptur afnotum raforku innan 14 daga, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Sá, sem sviptur er afnotum raforku vegna vanskila, skal ekki hljóta þau aftur, nema hann greiði það, sem vangreitt er af rafmagnsgjöldum hans á því hemilári, þegar hann er sviptur afnotum, eða setji tryggingu, sem rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Taka má gjöldin lögtaki. Húsráðandi eða rafmagnsnotandi sá, sem hefur hemil eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

3

15. jan.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 111 21. nóvember 1931 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, og síðari breytingar á henni.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

F Y R I R M Æ L I

um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær.

4

20. jan.

1. gr.

Eftirgreindir vegakaflar í nágrenni Reykjavíkur skulu teljast aðalbrautir:

1. **Suðurlandsbraut** frá vegamótum Laugarnesvegur að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegur, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. **Mosfellssveitarvegur** frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrr töldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegur óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. **Hafnarfjarðarvegur** frá vegamótum Laufásvegur að vegamótum Norðurbrautar ofan við Hafnarfjörð að báðum vegamótum meðtöldum.

2. gr.

Bifreiðar og önnur ökutæki, sem koma frá vegum, er liggja að aðalbrautum þeim, sem taldar eru í 1. gr., og ætla inn á þær, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á aðalbraut. Merki skulu vera þannig:

Spjald á um eins metra hárrí járnstöng, þannig gert:

Spjaldið er réttur áthyrningur 53 cm á hæð og breidd, málað gult með svartri brún 2 cm breiðri allt í kring. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

STANZ
STOP